
4. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 19. MAÍ 2021

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Særún Sigurjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigríður Hrönn Halldórsdóttir fulltrúi foreldra og Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar

- Næsta skólaár- nemendafjöldi og starfsmannahópurinn
- Skóladagatal
- Vorleikar / fjallgöngur
- Skólaslit
- Önnur mál.

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 19. maí kom skólaráð saman til 4. fundar skólaársins 2020-2021

1. Næsta skólaár.

Nemendafjöldi á næsta skólaári stefnir í 260 nemendur. Það er fækkun á milli ára. Það eru jafn margir nemendur að hefja nám í 1. bekk og eru að útskrifast úr 10. bekk. Fækkun skýrist að hluta til af flutningum nemenda á milli sveitarfélaga. Fjórir starfsmenn fara í launalaust leyfi og einn kennari hefur sagt starfi sínu lausu. Þegar teymi voru skipulögð var horft til þess að einn kennari myndi fylgja árganginum áfram.

1. Skóladagatal

Sesselja fór yfir samþykkt skóladagatal með viðburðum skólans fyrir skólaárið 2021-2022. Dagatalið er samræmt á milli leik- og grunnskóla í Garðabæ. Skipulagsdagar eru dreifðir jafnt yfir vikudagana og skipulagsdagur í vetrarleyfi er dreift á tvo daga. Grunnskólar í Garðabæ hafa samræmt nemenda- og viðtalsdaga fyrir skólaárið 2021-2022 en það hefur ekki verið gert áður. Ákveðið hefur verið að hætta með innilegu.

2. Vorleikar/ fjallgöngur

Ákveðið hefur verið að hafa 1 dag í vorleika og 1 dag í fjallgöngu hjá nemendum í 1. – 7. bekk. Hugmyndin er að hver árgangur eigi sitt fjall/ fell við hæfi og það verði búinn til

stígandi á milli árganga hvað varðar erfiðleikastig. Umræður um góða reynslu af ýmsu covid skipulagi tengt viðburðum skólans sbr. jólagleði og öskudagsskipulag.

3. Skólaslit

Nemendur mæta á heimasvæði þar sem fjöldatakmörkanir gefa ekki svigrúm til þess að fá alla nemendur á sal.

4. Önnur mál

Umræður um nemendafjölda sem fer í Garðaskóla. Tæplega helmingur nemenda í 7. bekk munu hefja nám í Garðaskóla í haust.

Hjörtur fulltrúi foreldra og grunnstoða fór yfir starfið sem þar fer fram. Verið er að koma á foreldrarölti á bænum sem er unnið í samráði við félagsmiðstöðvar. Mikið líf er á skólalóð Sjúlandsskóla og er umgengni ekki góð. Sýnileiki foreldra mun vonandi hafa jákvæð áhrif.

Fulltrúar grunnskólanna í bænum eiga fund með bæjarstjóra 27. maí n.k. en á þeim fundi verða lagðar fram óskir og tillögur að umbótum í nærumhverfi skólanna í bænum.

Foreldrafélag Sjúlandsskóla óskaði eftir hugmyndum frá forráðamönnum en það er nýbreytni frá fyrri árum þar sem fulltrúar foreldra og starfsmenn skólans hafa venjulega ákveðið hvaða málefni skal leggja fyrir ár hvert. Ósk um aðgangsstýringu, á milli bílastæði Sjúlandsskóla og veitingastaðarins Sjúlands, á skólatíma, verður áfram fylgt eftir en foreldrafélagið lagði áherslu á það í fyrra.

Umræður um skíðaferð en vegna veðurs og covid-19 hefur ekki náðst að fara sl. 3 ár. Búið er að bóka tvær dagsetningar, annars vegar fyrir yngsta stig og hins vegar fyrir miðstig og jafnframt er búið að bóka tvær dagsetningar til vara. Umræður um að hafa vara dagskrá ef skíðaferð gengur ekki upp og gera þá eitthvað í staðinn.

Foreldrafélagið vill virkja samstarf foreldra og hvetja til samtals að hausti. Umræður um facebook síður árganga og mikilvægi þess að þar séu málefnalegar umræður.

Umræður um verkefni sem foreldrafélagið getur tekið þátt í og upp kom sú hugmynd að félagið myndi athuga með Dr. Bæk en fyrirtækið býður m.a. upp á ástandsskoðun hjóla.

Fundargerð ritaði

Ósk Auðunsdóttir